



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

2. þáttur af 18

Skjámynd:

Postulasagan 3.19-22 (stytt) (Pétur segir...) Gjörð því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði afmáðar. Þá munu koma endurlífgunartímar frá augliti YHWH, og hann mun senda Messías, sem yður er fyrirhugaður, sem er Yeshua... Móse sagði...

5. Mósebók 32.19-20 YHWH sá það og hafnaði þeim af gremju við sonu sína og dætur. Og hann sagði: Ég vil byrgja auglit mitt fyrir þeim, ég ætla að sjá, hver afdrif þeirra verða. Því að þeir eru rangsnúin kynslóð, börn, sem engin tryggð er í.

Skjámynd:

5. Mósebók 26.17 Þú hefir látið YHWH lýsa yfir því í dag, að hann vilji vera þinn Elóhím og að þér skuluð ganga á hans vegum og varðveita lög hans, skipanir og ákvæði og hlýða hans raustu.

(Ensk þýð: Í dag hefur þú lýst því yfir að YHWH sé þinn Elóhím og að þú ætlir að ganga á hans vegum og varðveita lög hans, skipanir og ákvæði og hlýða á raustu hans.)

Lúkasarguðspjall 9.35 Og rödd kom úr skýinu og sagði: Þessi er sonur minn, útvalinn, hlýðið á hann!

Jóhannesarguðspjall 10.27 Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér."

Jóhannesarguðspjall 5.46-47 Ef þér tryðuð Móse, munduð þér líka trúna mér, því um mig hefur hann ritað. Fyrst þér trúði ekki því, sem hann skrifaði, hvernig getið þér þá trúað orðum mínum?

Skjámynd:

Spámennirnir

Skjámynd:

Jesaja 42.1-4 Sjá þjón minn, sem ég leiði mér við hönd, minn útvalda, *sem ég hefi þóknun á.* Ég legg anda minn yfir hann, hann mun boða þjóðunum rétt... ..Hann boðar réttinn með trúfesti. Hann daprast eigi og gefst eigi upp, uns hann fær komið inn rétti á jörðu, og fjarlægjar landsálfur bíða eftir boðskap (nafni hans, Orði hans, lögmáli) hans.

Með tilvísan í þetta, segir í Nýja testamentinu:

Matteusarguðspjall 12.21 Á nafn hans munu þjóðirnar vona.

Opinberunarbókin 19.13 ... nafn hans er: Orðið Guðs.

Jesaja 5.24 ...af því að þeir hafa hafnað lögmáli YHWH Tzavot og fyrirlitið orð Hins heilaga í Ísrael.

Matteusarguðspjall 23.39 Ég segi yður: Héðan af munuð þér eigi sjá mig, fyrr en þér segið: Blessaður sé sá sem kemur, í nafni YHWH.

Jóhannesarguðspjall 1.14 Og Orðið (nafn hans) varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð, sem sonurinn eini á frá föðurnum.

Skjámynd:

Jeremía 11.6-8 Þá sagði YHWH við mig: Boða þú öll þessi orð í Júdaborgum og á Jerúsalemstrætum og seg: Hlýðið á orð þessa sáttmála og breytið eftir þeim. Því að alvarlega hefi ég varað feður yðar við, þegar ég leiddi þá út af Egyptalandi og allt fram á þennan dag, iðulega og alvarlega, og sagt: Hlýðið skipun minni! En þeir hlýddu ekki og lögðu ekki við eyrun, heldur fóru hver og einn eftir þverúð síns vonda hjarta, og fyrir því lét ég fram á þeim koma öll orð þessa sáttmála, er ég hafði boðið *þeim* að halda, en þeir héldu ekki.

Lúkasarguðspjall 8.20-21 Var honum sagt: Móðir þín og bræður standa úti og vilja finna þig. En hann svaraði þeim: Móðir mín og bræður eru þeir, sem heyra orð Elóhíms og breyta eftir því.

Yochanan (Jóhannesarguðspjall) 8.43 Hví skiljið þér ekki mál mitt? Af því að þér getið ekki hlustað á orð mitt.

Yochanan (Jóhannesarguðspjall) 14.24 Sá sem elskar mig ekki, varðveitir ekki mín orð. Orðið, sem þér heyrið, er ekki mitt, heldur föðurins, sem sendi mig.

Skjámynd:

Esekíel 36.27 Og ég mun leggja yður anda minn í brjóst og koma því til vegar, að þér hlýðið boðorðum mínum og varðveitið setninga mína og breytið eftir þeim.

Yochanan (Jóhannesarguðspjall) 15.26 Þegar hjálparinn kemur, sem ég sendi yður frá föðurnum, sannleiksandinn, er út gengur frá föðurnum, mun hann vitna um mig...

Nehemía 9.13 Og þú steigst niður á Sínaí fjall og talaðir við þá af himnum og gafst þeim sanngjörn ákvæði, réttlát (sönn) lög og góða setninga og boðorð.

Sálmur 119.142 Réttlæti þitt er eilíft réttlæti og lögmál þitt trúfesti (sannleikur).

Skjámynd:

Ritin

Skjámynd:

Sálmur 119.172-176 Tunga mín skal mæra orð þitt, því að öll boðorð þín eru réttlæti. Hönd þín veiti mér lið, því að þín fyrirmæli hefi ég útvalið. Ég þrái hjálpræði þitt, YHWH, og lögmál þitt er unun mín. Lát sál mína lifa, að hún megi lofa þig og dómar þínir veiti mér lið. Ég villist sem týndur sauður, leita þú þjóns þíns, því að þínum boðum hefi ég eigi gleymt.

Lúkasarguðspjall 19.10 Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 **(14. 15. og 16. júní)**



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda póst á torah@internet.is